



GRENIVÍKURSKÓLI

Grenivíkurskóli auglýsir eftir stuðningsfulltrúa / starfsmanni í Frístund

Grenivíkurskóli leitar að metnaðarfullum, sjálfstæðum og drífandi starfsmanni í stöðu stuðningsfulltrúa og við starf í Frístund skólaárið 2025-2026 með möguleika á áframhaldandi starfi. Um er að ræða 80-100% starf.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Aðstoða nemendur í leik og starfi og leiðbeina þeim í umgengni og samskiptum.
- Aðstoða nemendur með stuðningsþarfir við ýmsar daglegar athafnir.
- Stuðla að velferð nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk skólans.
- Skipuleggja og sinna starfi í Frístund í samráði við skólustjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi kostur.
- Reynsla af störfum með börnum með fjölbreyttar þarfir kostur.
- Lipurð í samskiptum og færni í teymisvinnu.
- Frumkvæði, skipulagsfærni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Áhugi á að starfa með börnum og ungmennum.
- Gerð er krafa um vammleysi, gott orðspor og framkomu.

Í Grenivíkurskóla eru um 50 nemendur í 1. – 10. bekk. Í skólanum er góður starfsandi og þar er leitast við að haga skólastarfinu í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Meðal þess sem við leggjum ríka áherslu á er góður skólabragur, teymiskennsla, lýðheilsa og umhverfismennt.

Nánari upplýsingar um skólann má finna á www.grenivikurskoli.is

Umsóknarfrestur er til 23. apríl. Umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir skal senda í tölvupósti á netfangið grenivikurskoli@grenivikurskoli.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar gefur Þorgeir Rúnar Finnsson, skólustjóri, í síma 868-2385 eða í tölvupósti thorgeir@grenivikurskoli.is